



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 128. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 11. janúar 2015 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Egill Júlíusson (EJ), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Steinunn Hauksdóttir (SH) og Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK)

Boðuð forföll: Hildigunnur Thorsteinsson (HT) og Claus Ballzus (CB)

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:00.

1. Síðasta fundargerð

SNK lagði fram fundargerð fyrir síðasta stjórnarfund og var hún einróma samþykkt án athugasemda.

2. Aðalfundur og vorfundur JHFÍ

Umræða fór fram um komandi aðalfund og vorfund JHFÍ. Áður hafði verið ákveðið að halda fundina 14. apríl, frá 14:00-15:00 og 15:00-17:00 í nýju húsnæði Samorku, í Húsi atvinnulífsins Borgartúni 35, 105 Reykjavík. SNK hefur tekið frá sal á þeim tíma og Samorka býður upp á kaffi og meðlæti.

Umræða fór fram og ákveðið var að þema vorfundar yrði „hreinsanir og viðhald á borholum“. Umræða fór fram um skipulag fundarins og möguleg efni fyrir erindi. Ákveðið var að stjórnarmeðlimir myndi velta fyrir sér mögulegum erindum og vera í tölvupóstsamskiptum um þau, fram að næsta fundi.

3. IGA kosningar – Board of Directors

Umræða fór fram um kosningar í stjórn IGA. Fulltrúar IGA hafa tilkynnt stjórn JHFÍ að ekki sé mögulegt að tilnefna í fyrstu umferð fleiri íslenska fulltrúa í stjórn IGA, en þá 2 Íslendinga sem þegar eru í stjórn IGA og munu setja áfram. Það sem hins vegar er hægt, er að tilnefna þá á seinni stigum ferlisins, með því að skila inn undirskriftum 30 félaga í JHFÍ (félaga í IGA). Umræða fór fram um málið og var ákveðið að tilnefna þá tvo aðila sem stjórn JHFÍ gerði tilraun til að tilnefna í fyrstu umferð (sbr. umræður á síðasta stjórnarfund): Formann JHFÍ Kristínu Völu Matthíasdóttur og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur Bjarna Bjarnason. Stjórnin mun vinna að því að safna undirskriftum og í framhaldi af því mun SNK koma tilnefningunum á framfæri til IGA.

4. IGA Harmonized standard for reporting geothermal resources

IGA og United Nations Economic Commission for Europe (UNECE) skrifuðu í september 2014 undir viljayfirlýsingu um að þróa og viðhalda samhæfðan staðal um mat á jarðvarmaauðlindum. Í janúar 2015 skipaði IGA 12 manna vinnuhóp til að vinna að verkefninu, sem gaf út hvítbók um það í apríl síðastliðnum. Nú hefur hópurinn gefið út aðra hvítbók.

Stjórnin ákvað á síðasta fundi sínum að senda út hvítbókina á valda aðila til yfirferðar, sem og á alla félaga í JHFÍ. Umræða fór fram um málið og var ákveðið að KVM myndi útbúa og senda formlegt erindi til Orkustofnunar, þar sem stofnunin er hvött til að fara formlega yfir málið og gefa álit sitt á því.

5. Nýjir félagar

Eftirfarandi umsóknir bárust um félagsaðild að JHFÍ:

- Hannibal Kjartansson, Hitaveitu Flúða
- Haukur Ásgeirsson, RARIK
- Steinþór Níelsson, ÍSOR

Umsóknirnar voru allar samþykktar einróma og eru nýjir aðildarfélagar boðnir velkomnir.

6. Önnur mál

a) Félagatal

Umræða fór fram um félagatal JHFÍ, rúkkun á aðildargjöldum og fleira tengt. Ákveðið var að *SNK* myndi útfæra umsýslu gagna JHFÍ á þann hátt að aðrir stjórnarmeðlimir fengju Sharepoint aðgang að þeim.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð

